

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 352/2006 með síðari breytingum.

1. gr.

1. töluliður C-hluta 61. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Haustfundur AFE. Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn á haustfund AFE samkvæmt samþykktum AFE eins og þær eru á hverjum tíma.

2. gr.

3. töluliður D-hluta 61. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Eyþing. Bæjarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Eyþings samkvæmt samþykktum þess hverju sinni. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

3. gr.

64. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn ræður eftirfarandi sviðsstjóra og veitir þeim lausn frá störfum:

1. Fjármála- og stjórnsýslustjóra sem er skrifstofustjóri bæjarskrifstofu og yfirmaður fjármála- og stjórnsýslusviðs, sbr. I. lið 61. gr. Hann er einnig ritari bæjarstjórnar.
2. Sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, sem er yfirmaður fræðslusviðs, sbr. II. lið 61. gr.
3. Félagsmálastjóra sem er yfirmaður félagsmálasviðs, sbr. III. lið 61. gr.
4. Sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs sem er yfirmaður umhverfis- og tæknisviðs, sbr. IV. lið 61. gr.

Sviðsstjórar sitja fundi sinna fagráða með málfrelsi og tillögurétt. Ef þess er óskað ber sviðsstjórum að víkja af fundi við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar þá sjálfa, skyldmenni eða nána venslamenn þeirra.

Bæjarstjórn ræður yfirmenn stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Forstöðumenn ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Auk ákvæða 1.–4. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði 65. gr. um ráðningu stjórnenda.

4. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 24. mars 2011.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.